

## 3. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans .....	2 900,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans .....	11 000,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans .....	22 000,00

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 643, 26. nóvember 1982 og reglugerð um einkaleyfisgjöld nr. 787, 28. desember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir vörumerki o. fl.**

## 1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	1 550,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	350,00

## 2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	1 550,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	350,00

## 3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	2 600,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	350,00

## 4. gr.

Önnur gjöld eru:	kr.
a) Innritun í vörumerkjaskrá .....	270,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá .....	185,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til .....	185,00

## 5. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrir en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 635, 26. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

---

*Gunnar Guttormsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 12. desember 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

Stofnfé minningarsjóðsins er gkr. 250 000.

Heimili Minningarsjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur Minningarsjóðsins er að efla leiklist á Íslandi með því fyrst og fremst að veita íslenskum leiklistarmönnum styrki til framhaldsnáms erlendis.

Ekki er hægt að sækja um styrki úr Minningarsjóðnum, heldur veitir sjóðsstjórnin árlega einum eða fleiri leiklistarmönnum styrki úr sjóðnum eftir eigin mati og skal styrkveiting fara fram að afloknu leikári við aðstæður, sem sjóðsstjórnin telur heppilegar til eflingar sjóðnum og til aukins skilnings á gildi leiklistar á Íslandi.

Sjóðsstjórninni er heimilt að fella niður styrkveitingu einstök ár.

3. gr.

Höfuðstól Minningarsjóðsins, eins og hann er og verður á hverjum tíma, má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni heimilast að úthluta styrkjum skv. 2. gr., sem samsvarar tveim þriðju hlutum raunvaxta, en einn þriðji hluti leggist við höfuðstólinn. Þetta styrkjahlutfall má hækka, ef meiri hluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Eignir Minningarsjóðsins eru stofnfé hans, gkr. 250 000, svo og þær gjafir og framlög og aðrar tekjur sem honum hafa borist og sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Heimilt er sjóðsstjórninni að gera menn eða fyrirtæki að styrktarmeðlimum hans gegn vissu gjaldi árlega, sem sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni.

Eignir Minningarsjóðsins skulu að svo miklu leyti, sem því verður við komið, hljóða á nafn Minningarsjóðsins.